

Punkturinn 7. tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punksins, fréttabréfi Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, er fjölbreytt efni þar sem m.a. er fjallað um bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 5/2010. Þar er sem ríkisskattstjóri komi með nýja túlkun á söluréttarsamningum sem mikið hafa verið til skoðunar undanfarna mánuði. Einnig er fjallað um frumvörp sem liggja fyrir Alþingi, m.a. um breytingar á samkeppnislögum, þar sem gjaldtaka verður tekin upp.

Þá er athyglisverður úrskurður yfirskaðanefndar í máli nr. 138/2010 sem fjallar um hvort viðskiptabanka beri að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa erlends aðila.

Það er von starfsmanna Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte að efni fréttabréfsins svari einhverjum spurningum, en að sjálfsögðu erum við boðin og búin til aðstoðar hvenær sem er.

- **Söluréttur í samræmi við upphaflegt kaupverð myndar ekki skattskyldar tekjur.** Sjá nánar bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 5/2010, bls. 2.
- **Efnahagshrunið ekki forsendubrestur í lánasamningum við bankana.** Sjá nánar dóm héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-260/2010, bls. 2.
- **Óhæfilegur dráttur á afgreiðslu ríkisskattstjóra kæranlegur til yfirskaðanefndar.** Sjá nánar úrskurð yskn nr. 28/2010, bls. 3.
- **Bankar falla almennt ekki undir milligönguáðila vegna söluhagnaðar hlutabréfa erlendra aðila skv. staðgreiðslulögum þegar um “venjubundna” bankaþjónustu er að ræða. Staðgreiðsluskyldan getur oltið á því hvort um milligönguáðila sé að ræða.** Sjá nánar úrskurð yskn nr. 138/2010, bls. 3.
- **Söluhagnaður eigna sem verður til með þróunarvinnu telst að fullu til tekna á söluári, að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður og er því skattskyldur.** Sjá nánar úrskurð yskn nr. 10/2010, bls. 3.
- **Mismunandi meðferð á skattlagningu á eftirgjöfum skulda rekstraraðila og einstaklinga utan rekstrar.** Sjá nánar umfjöllun Punksins um eftirgjöf skulda, bls.4.
- **Breytingar á samkeppnislögum fyrirhugaðar. Kærugjald, samrunagjald og auknar heimildir til afskipta.** Sjá nánar um frumvarp til breytinga á samkeppnislögum, bls. 4.
- **Breytingar á gjaldþrotalögum sem leggur til tveggja ára fyrningartíma allra krafna.** Sjá nánar frumvarp um breytingar á gjaldþrotalögum, bls. 4.
- **Lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri geta sótt um frest til greiðsluuppgjors vegna vanskila á opinberum gjöldum.** Sjá nánar frumvarp til breytingar á lögum um greiðsluuppgjör, bls. 4.
- **Nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda kveða með ítarlegri hætti en fyrri reglur um að hvaða þáttum gæðaeftirlit skuli beinast.** Sjá nánar nýjar reglur nr. 860/2010, bls. 5.
- **Þegar félag er ekki með heimilisfesti hér á landi þarf ekki að telja arðgreiðslur til tekna sem laun, sbr. 1.mgr. 11.gr. tekjuskattslaga.** Sjá nánar bindandi álit nr. 6/2010, bls. 5.



Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 5/10 um sölurétt stjórnenda fyrirtækja

Söluréttur í samræmi við upphaflegt kaupverð myndar ekki skattskyldar tekjur.

Nýlega var óskað eftir að ríkisskattstjóri gæfi bindandi álit sitt vegna fyrirhugaðrar nýtingar einkahlutafélags í eigu stjórnanda álitssöluverðandi á sölurétti á hlutabréfum í álitssöluverðandi. Var þannig óskað álit um að nýting söluréttar á þeim eignarhlutum í A hf. sem keyptir voru af einkahlutafélagi í eigu stjórnandans og fjármagnaðir voru með lánsfé feli ekki í sér skattskyldar tekjur í hendi stjórnandans sem A hf. beri að halda eftir af og standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gerður var kaupsamningur milli A hf. annars vegar og eftir atvikum stjórnenda A hf. eða einkahlutafélaga í þeirra eigu hins vegar. Á sama tíma var gengið frá söluréttarsamningum milli sömu aðila þar sem A hf. skuldbatt sig til þess að kaupa til baka öll hin keyptu hlutabréf að skaðlausu samkvæmt nánari skilyrðum söluréttarsamningsins. Sölurétturinn var veittur án sérstaks endurgjalds. Þá var fyrir milligöngu A hf. gerður lánasamningur milli stjórnenda eða félaga í þeirra eigu annars vegar og bankans R hins vegar og gengið var frá handveðssamningum milli sömu aðila.

Samkvæmt lýsingu á málsatvikum skyldu arðgreiðslur af hlutabréfunum renna beint til bankans. Sölurétturinn tryggði kaupanda bréfanna rétt gagnvart A hf. til þess að selja hlutabréfin til baka til A hf. fyrir innlausnarverð sem skyldi annað hvort nema upphaflegu kaupverði að viðbættum fjármagnskostnaði en frádregnum arðgreiðslum (e. Cost of Carry) eða meðalverði á hlut í gangverðsviðskiptum síðasta mánuðinn fyrir ákvörðun um nýtingu söluréttarinnar (Fair Market Value). Skilyrði samkvæmt söluréttarsamningnum var að kaupandi ætti bréfin í tiltekinn tíma. Þá kom fram í söluréttarsamningnum að kaupandi hlutabréfanna félli frá forgangsrétti til áskriftar og öðrum réttindum tengdum hlutum.

Af þessum ástæðum taldi álitssöluverðandi ljóst að kaupandinn bæri enga áhættu vegna kaupanna. Þá vísaði hann til úrskurðar yskn. nr. 117/2009 í máli Þórðar Más Jóhannessonar sem hann taldi að atvik hefðu verið fyllilega sambærileg þeim sem lýst er í beiðni hans.

Lýsti álitssöluverðandi þeirri skoðun sinni að nýting söluréttar á eignarhlutum í A hf. fæli undir þessum kringumstæðum ekki í sér skattskyldar tekjur í hendi stjórnenda og bæri því A hf. ekki að halda eftir eða standa skil á neinni staðgreiðslu vegna hennar.

Ríkisskattstjóri var sammála tilvísun álitssöluverðandi til máls Þórðar Más Jóhannessonar og bætti við tilvísun til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sama gjaldanda frá 22. mars 2010 (E-8656/2009). Rakti ríkisskattstjóri að það sem væri frábrugðið í máli Þórðar Más væri að þar hefði verið um að ræða einstakling en ekki félag og ekki ákvæði um Fair Market Value sem innlausnarverð.

Niðurstaða álitssöluverðandi var því sú að að því gefnu að söluréttarverðið (innlausnarverðið) við nýtingu söluréttar væri í samræmi við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna í A hf. þá liti ríkisskattstjóri svo á að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og sé álitssöluverðandi þar með ekki skylt að halda eftir og standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá kemur fram hjá ríkisskattstjóra sú túlkun að sé innlausnarverð söluréttar hærra en kaupverð beri að teljan mismuninn til tekna sem laun.

Samkvæmt þessu gildir sú aðalregla um nýtingu söluréttar starfsmanns að hún er skattfrjáls þegar um er að ræða samtímis samninga um kaup, lán, sölurétt og veðsetningu. Er þessi niðurstaða í samræmi við þá niðurstöðu skattfyrvalda í máli Þórðar Más Jóhannessonar að fráfall fá sölurétti undir sömu kringumstæðum teljist til skattskyldra launatekna starfsmanns. Punkturinn vill þó benda á að öndvert því sem gildi um þá söluréttarsamninga sem raktir eru í áli 5/2010 fór Þórður Már með atkvæðisrétt þann sem fylgdi þeim hlutabréfum sem samið var um, hann hélt ennfremur réttinum til að skrifa sig fyrir nýju hlutafé, forkaupsrétti hluthafa til kaupa á öðrum hlutabréfum í félaginu og réttinum til að taka við arði vegna hlutabréfanna. Samkvæmt þessu fór Þórður Már með þau réttindi sem eigandi hlutabréfa fer venjulega með.

Þrátt fyrir þessa staðreynd var Þórður Már látinn sæta skattlagningu tekna í formi launa út frá þeirri forsendu að fyrirtæki það sem hann starfaði hjá hefði átt bréfin áfram þrátt fyrir sölu þeirra til hans. Þá veltir Punkturinn því fyrir sér hvernig þessi niðurstaða ríkis-

skattstjóra í áli 5/2010 getur passað við ákvæði 2. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga, þar sem kveðið er á um kaup aðili, í þessu tilviki A hf., eign á óeðlilega háu verði skuli telja mismun kaupverðs annars vegar og markaðsverðs (matverðs) hins vegar til tekna hjá þeim sem slíkra viðskipta nýtur, sem í þessu tilfelli er klárlega starfsmaður A hf. Þá telur Punkturinn það athyglisvert að skattfyrirvöld telja ekki lengur nauðsynlegt að vísa til 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga í sambandi við niðurstöðu sína í álitinu.

Héraðsdómur Suðurlands, mál nr. E-260/2010, Íslandsbanki hf. gegn Ólafi Veturliða Björnssyni og Áslaugu Dröfn Heiðarsdóttur.

Efnahagshrunið ekki forsendubrestur í lánasamningum við bankana.

Málavextir voru þeir að stefndi Ó, tók lán hjá Glitni banka hf. árið 2007, skv. skuldabréfi í erlendum gjaldmiðlum og hafi stefndi átt að greiða LIBOR-vexti af láninu.

Stefndu byggðu kröfur sínar á nokkrum málsástæðum. Í fyrsta lagi að lánið væri gengistryggt í íslenskum krónum og að verðtrygging skuldabréfsins hafi verið ólögmat. Við aðalmeðferð féll lögmaður stefndu frá þeirri málsástæðu að um íslenskt lán væri að ræða. Í öðru lagi var byggt á forsendubresti, neytendasjónarmiðum og ógildingarreglu 36. gr. samningalaga. Í þriðja lagi var byggt á sjónarmiðum um óviðráðanlegar ytri aðstæður, (Force Majeure).

Í forsendum og niðurstöðum dómsins kemur fram að óumdeilt væri að skuldabréfið fæli í sér lán í erlendri mynt, þar sem lánið var greitt út nokkru eftir útgáfu skuldabréfsins og miðaðist við erlenda höfuðstólinn. Jafnframt áttu stefndu kost á því að fá lánið greitt út í þeim gjaldmiðli sem þau kusu.

Dómurinn féllst ekki á að almennar aðstæður í efnahagslífi á Íslandi gætu talist til brostinna forsenda, enda gæti slíkt leitt til þess að allar fjárskuldbindingar gætu staðið meira og minna á brauðfótum ef breytingar yrðu á efnahagslífinu. Féllst dómurinn ekki á að stefnandi hafi beitt blekkingum eða gefið vísitandi ranga ráðgjöf. Því var ekki fallist á brostnar forsendur eða að neytendasjónarmið ættu við í málinu og lántaka gert að greiða umkrafna upphæð.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 28/2010

Óhæfilegur dráttur á afgreiðslu ríkisskattstjóra kæranlegur til yfirkattanevndar.

Málsatvik voru þau að leiðréttingar á virðisaukaskýrslum vegna skattframtala tilgreindra ára hefðu verið sendar inn, en engin viðbrögð fengist frá ríkisskattstjóra um afstöðu sína til leiðréttinganna. Taldi gjaldandi sig ekki eiga annarra kosta völu en að kæra málið til yfirkattanevndar þar sem ríkisskattstjóri gat ekki upplýst um hvenær afstaða embættisins lægi fyrir.

Yfirkattanevnd taldi kæranda heimilt að kæra drátt á afgreiðslu máls síns hjá skattstjóra til yfirkattanevndar á grundvelli 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Þá var talið að kæruheimildina yrði að skýra svo að hún ætti einungis við í þeim tilvikum þegar mál hefði ekki verið til lykta leitt af lægra stjórnvaldi. Fallist var á með kæranda að óhæfilegur dráttur hefði orðið á meðferð málsins á skattstjórastigi sem brotið hefði í bága við almennar málshraðareglur. Þá kom fram í úrskurðinum að tveimur vikum eftir að kæra hafði borist yfirkattanevnd, hafði ríkisskattstjóri endurákvæðið á grundvelli skýrslunnanna, en elstu leiðréttingarnar höfðu þá beðið óafgreiddar á borði ríkisskattstjóra í 5 ár.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 138/2010

Bankar falla almennt ekki undir milligöngu aðila vegna söluhagnaðar hlutabréfa erlendra aðila skv. staðgreiðslulögum þegar um "venjubundna" bankþjónustu er að ræða. Staðgreiðsluskyldan getur oltíð á því hvort um milligönguaðila sé að ræða.

Í málinu var deilt um það hvort viðskiptabanka bæri að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa erlends aðila.

Í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda er minnst á að milligönguaðili beri að halda eftir staðgreiðslu og hélt ríkisskattstjóri því fram að bankinn væri milligönguaðili við sölu hlutabréfa frá A til B. Tók yfirkattanevnd fram að lagaákvæði þyrftu að vera skýr og ótvíræð þegar kemur að því að halda eftir staðgreiðslu skatta, eins og Hæstiréttur Íslands staðfesti í svokölluðum Impregilodómi frá 20. september 2007 í máli nr. 523/2006. Var niðurstaða yfirkattanevndar að ekki væri að sjá að

tilgangur löggjafans þegar staðgreiðslulögin voru sett hafi verið að láta viðskiptabanka halda eftir staðgreiðslu söluhagnaðar hlutabréfa á grundvelli milligöngu. Jafnframt vísaði yfirkattanevnd m.a. til þess að í lögum um staðgreiðslu á fjármagnstekjur er viðtækari skilgreining sem næði ótvírætt til viðskiptabanka. Var því úrskurður ríkisskattstjóra felldur úr gildi.

Í málinu svaraði yfirkattanevnd því ekki beint hvort söluhagnaður erlendra aðila félli utan staðgreiðslu, en sagði að það yrði ekki litið fram hjá því að við upptöku staðgreiðslulaganna hefði ekki með skýrum hætti verið kveðið á um takmarkaða skattskyldu söluhagnaðar í lögum um tekjuskatt. Þá var tekið fram að í athugasemdum með frumvarpi til laga um staðgreiðslu fjármagnstekna kom fram að söluhagnaður félli utan staðgreiðslu. Þar sem yfirkattanevnd tók ekki beint á því hvort aðilar sem annast milligöngu á greiðslum vegna söluhagnaðar erlendra aðila falli utan staðgreiðslulaganna eða ekki, er viss óvissa hvað þetta varðar. Hafa ber þó í huga að ákvæði staðgreiðslulaganna eru mörg hver, m.a. þau sem um ræðir í þessu tilviki, með vísan í ákvæði tekjuskattlaganna og af því leiðir að breytingar á tekjuskattslögum hafa oft óhjákvæmilega samsvörun í lögum um staðgreiðslu.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 10/2010

Söluhagnaður eignar sem verður til með þróunarvinnu telst að fullu til tekna á söluári, að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður og er því skattskyldur.

Kærandinn í máli þessu var hlutfélag sem hafði með höndum framleiðslu, þróun og sölu á lyfjum og lyfjahugviti. Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að skattleggja söluhagnað vegna sölu óefnislegra eignar á árinu 2004 þar sem skattstjóri féllst ekki á að um væri að ræða hagnað af sölu fyrnanlegra eignar sem heimilt væri að fresta skattlagningu á um tvenn áramót. Að mati skattstjóra væri um þróunarkostnað að ræða sem félli undir ákvæði um niðurfærslu eignar í 32. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.



Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að um hafi verið að ræða sölu verðmæta sem fólgin væru í uppskriftum að lyfjum og skráningarlýsingum sem sköpuð hefðu verið með þróunarvinnu á vegum kæranda á árunum 2002, 2003 og 2004. Í skattskilum kæranda hefði umræddur kostnaður vegna lyfjapróunar verið færður niður með þeim hætti sem greindi í 2. mgr. 32. tekjuskattslaga. Ekki var deilt um að sú tilhögun hefði verið heimil. Var því talið að söluhagnaður eigna sem orðið hefðu til með þróunarvinnu kæranda, færi eftir 3. mgr. 32. gr. tekjuskattslaga. Söluverð eignanna teldist því að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefði verið færður niður og því var talið rétt að skattleggja söluhagnaðinn, líkt og skattstjóri gerði.



Punkturinn fór á fyrirlestur um eftirgjöf skulda; skattlagning.

Mismunandi meðferð á skattlagningu á eftirgjöfum skulda rekstraraðila og einstaklinga utan rekstrar.

Við skattlagningu eftirgjafar skulda er mismunandi reglum fyrir að fara eftir því hvort um rekstraraðila er að ræða eða einstaklinga utan rekstrar. Skattyfirvöld telja að niðurfærsluna skuli telja til skattskyldra tekna hjá báðum aðilum, nema finna sé á því undantekningar í lögnum. Sumir hafa haldið því fram, með vísan í danska skattmeðferð, að á meðan skuldir eru meiri en tekjur er niðurfærslan verðlaus niður í raunverðmæti eigna og myndar ekki skattskyldar tekjur niður að raunverulegum eignaauka. Er þar um aðra túlkun á tekjuhugtaki tekjuskattslaganna að ræða. Verður hér, í ljósi aðstæðna, stuttlega fjallað um núverandi meðferð og túlkun skattyfirvalda.

Einstaklingar

Hjá einstaklingum skapast skattskylda vegna niðurfærslu skulda, nema að vissum skilyrðum uppfylltum. Lúta þau m.a. að því að ef einstaklingur hefur notið vissra lögbundinna úrræða, t.d. greiðsluáðlögunar eða skuldaaðlögunar, fylgir því ekki skattskylda á niðurfærslum þeim tengdum. Jafnframt ef sannað þykir að eignir séu ekki fyrir skuldum fylgir niðurfærslu engin skattskylda. Ef niðurfærslan telst hins vegar til tekna þá koma úrræði bráðabirgðalaganna til skoðunar, sem

fjalla um undantekningar frá fullri tekjufærslu eftirgjafar. Skilmálabreytingar teljast hins vegar ekki til skattskyldra tekna.

Rekstraraðilar

Niðurfærslan telst til tekna hjá rekstraraðilum. Bráðabirgðalög með tekjuskattslögnum gera það hins vegar að verkum að einungis þarf að tekjufæra 50% af fengnum eftirstöðvum að 50 millj. og fjórðung umfram það. Jafnframt er heimilt að fyrna eignir þegar rekstrartap hefur verið jafnað og fresta skattlagningu. Á undanþágan frá tekjufærslu ekki við um eftirgjöf milli móður og dótturfélaga. Kemur í þeim tilvikum mögulega til skoðunar hækkun á hlutafé með skuldbreytingu eða sameining. Skilmálabreytingar teljast hins vegar ekki til skattskyldra tekna.



Frumvarp til laga, mál nr. 131, um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005.

Breytingar á samkeppnislögum fyrirhugaðar. Kærugjald, samrunagjald og auknar heimildir til afskipta.

Í frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum sem nú liggur fyrir Alþingi eru lagðar til fjórar breytingar á núgildandi samkeppnislögum.

Með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja kærugjald að upphæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni.

Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni.

Að innheimt verði sérstakt samrunagjald, kr. 250.000 fyrir hvert félag vegna samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu, óháð stærð fyrirtækjanna

Að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að hugsunin varðandi kærugjald, sé að einungis lögaðilar eigi í hlut og áfrýjun til æðra stjórnvalds verði að byggjast á þeirri röksemd að viðkomandi hafi hagsmuni af því að fá niðurstöðu í mál sitt.

Áfram verður hægt að kæra mál til Samkeppniseftirlitsins, án greiðslu.

Sú aukna heimild fyrir Samkeppniseftirlitið að grípa inn í aðgerðir fyrirtækja eru nokkuð rýmri en Framkvæmdastjórn EB og Eftirlistsstofnun EFTA hafa miðað við í skilgreiningu sinni um heimildir til að grípa inn í aðgerðir fyrirtækja. Þetta er þó ekki talið ganga gegn EES reglum.

Lagt er til að velja einföldustu leiðina við að innheimta gjald vegna samruna. Fleiri leiðir gætu komið síðar til skoðunar á grundvelli reynslunnar.



Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Breytingar á gjaldþrotalögum sem leggur til tveggja ára fyrningartíma allra krafna.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, sem liggur fyrir Alþingi, er lagt til að fyrningartíma allra krafna sem lýst er í þrotabú verði sá sami, tvö ár, án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða. Sumar kröfur kunna að fyrnast á skemmri tíma, samkvæmt öðrum lögum. Mun erfiðara verður að rjúfa fyrningu vegna strangra skilyrða, en einungis verður möguleiki að rjúfa hana með dómsmáli.

Þá er lagt til að ef skuldari eignast eign á þessu tveggja ára fyrningartímabili og lánadrottinn gerir fjárnám í henni þá fyrnist ekki sá hluti kröfunnar sem greiðist af andvirði eignarinnar. Það sem út af stendur fyrnist í lok tveggja ára tímabilsins.



Frumvarp til laga mál nr. 101, um breytingu á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri geta sótt um frest til greiðsluuppgjör vegna vanskila á opinberum gjöldum.

Í frumvarpinu er lagt til að lögaðilar, einstaklingar í atvinnurekstri og einstaklingar sem hafa verið í atvinnurekstri á síðustu 18 mánuðum fyrir umsóknardag og eru með vanskil opinberra gjalda sem urðu til fyrir 1. janúar 2010 geti sótt um frest til greiðsluuppgjör til 1. júlí 2011. Breytir þar engu þótt umsækjendur hafi fullar atvinnuleysistryggingar.

Reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda nr. 860/2010.

Nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda kveða með ítarlegri hætti en fyrri reglur um að hvaða þáttum gæðaeftirlit skuli beinast.

Þann 11. október gengu í gildi nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Reglurnar leysa reglur nr. 912/2009, af hólmi. Í reglunum segir að markmið gæðaeftirlits sé að tryggja að endurskoðendur og endurskoðendafyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Inntak nýju reglnanna er í meginatriðum það sama og fyrirrennara þeirra. Helstu breytingarnar frá fyrri reglum eru að ítarlegar er kveðið á um framkvæmd gæðaeftirlits og að hverju slíkt eftirlit skuli beinast. Er þar t.d. fjallað um að með eftirlitinu eigi að ganga úr skugga um að endurskoðendur fullnægi skilyrðum um starfsábyrgðartryggingu, endurmenntun og hafi búsföræði. Einnig er kveðið á um að eftirlit sé með að fylgt sé endurskoðunarstöðlum við endurskoðun og að gætt sé að óhæði endurskoðenda og endurskoðendafyrirtækja.

Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 6/2010.

Þegar félag er ekki með heimilisfesti hér á landi þarf ekki að telja arðgreiðslur til tekna sem laun, sbr. 1.mgr. 11.gr. tekjuskattslaga.

Aðili óskaði eftir bindandi álit ríkisskattstjóra þar sem hann hefði í hyggju að stofna hluta-félag á EES svæðinu og vinna fyrir félagið yrði unnin í ýmsum Evrópuríkjum öðrum en Íslandi. Vísaði ríkisskattstjóri frá öllum álitaefnum að frátöldum tveimur. Þau álitaefni sem fengu efnislega meðferð voru annars vegar þar sem álitsbeiðandi óskaði eftir álit á því hvort reglur laga um tekjuskatt, hvað varðar reiknað endurgjald, gildi að einhverju leyti um vinnu-sambandið við umrætt félag og hins vegar hvort honum bæri að telja til tekna sem laun 50% af „heimilum úthlutuðum arði“ hins erlenda félags.

Niðurstaða ríkisskattstjóra var sú að þar sem álitsbeiðandi muni starfa erlendis á vegum erlends félags þar álitsbeiðanda ekki skylda til að reikna sér endurgjald samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, vegna starfa á vegum félagsins. Þannig hvílir sú skylda sem sett er fram í 1. mgr. 11. gr. laganna, ekki á álitsbeiðanda. Af því leiðir að aðilar sem starfa fyrir félög sem ekki eru heimilisfóst hér á landi þurfa ekki að telja helming arðgreiðslna, sem eru umframt 20% af bókfærðu skattalegu eigin fé félagsins, til launatekna.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
yfirmaður Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 140 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, Deloitte Global Services Limited, Deloitte Global Services Holdings Limited, the Deloitte Touche Tohmatsu Verein, any of their member firms, or any of the foregoing's affiliates (collectively the "Deloitte Network") are, by means of this publication, rendering accounting, business, financial, investment, legal, tax, or other professional advice or services. This publication is not a substitute for such professional advice or services, nor should it be used as a basis for any decision or action that may affect your finances or your business. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.